

**452. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 20. mars 2013
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ) 1. varamaður og Indriði Indriðason Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, sveitastjóri

Dagskrá:

1. 1102033 - Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006 - 2018, breyting.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkti á fundi þann 12 september að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 vegna afmörkun vatnsverndar, borunar eftir heitu vatni og reiðleiðir í Tálknafirði. Breytingin var sett upp á uppdrætti og í greinargerð með umhverfisskýrslu dagsett 12. nóvember 2012 unnið af Landmótun. Tillagan var auglýst með athugasemdarfresti frá 4. desember 2012 til 16. janúar 2013. Umsagnir bárust frá Minjastofnun, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Siglingastofnun, Orkustofnun, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun. Umsagnir gáfu ekki tilefni til þess að breyta auglýstri tillögu en brugðist hafði verið við umsögnum áður en tillaga var auglýst. Hins vegar barst athugasemd frá Dýrfiski. Athugasemdir frá Dýrfiski beindust annarsvegar staðarheiti í töflum í kafla 2.3.3 og kafla 2.3.4 í greinargerð voru ranglega skráð sem hefur verið leiðrétt. Dýrfiskur óskaði ennfremur eftir því að bætt verði við nýju iðnaðarsvæðum í Norður - Botni inn í aðalskipulagið. Hreppsnefnd fellst ekki á það að bætt verði inn nýju iðnaðarsvæði að svo stöddu, slíkt mun kalla á endurauglýsingu tillögunnar og skarast það á við settan tímaramma verkana m.v samninga við verktaka sem standa að borun eftir heitu vatni. Hreppsnefnd vísar erindinu til byggingarfulltrúa um að láta vinna að nýrri aðalskipulagsbreytingu til samræmis við óskir Dýrfisk um breytta landnotkun í landi Norður-Botns iðnaðarsvæði. Byggingarfulltrúa var falið að svara Dýrfisk með bókun nefndarinnar. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 vegna afmörkun vatnsverndar, jarðborunar og reiðleiðar í Tálknafirði. uppdráttur og greinargerð með umhverfisskýrslu dagsett 20 febrúar 2012 unnið af Landmótun og felur byggingarfulltrúa hana til fullnaðarafgreiðslu skv. 32 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

2. 1303064 - Umsókn um framkvæmdarleyfi

Umsókn frá Tálknafjarðarhreppi. Á grundvelli breytingar á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 vegna afmörkun vatnsverndar og

jarðborunnar dagsett 20. febrúar 2013 sem er í staðfestingarferli og samkvæmt 45 gr. skipulagslaga nr.123/2010 með vísan í 6. og 7. grein reglugerðar nr. 771/2012 sækir Tálknafjarðarhreppur kt. 640269-6779 um framkvæmdaleyfi fyrir borun eftir heitu vatni landi Litla-Laugardals eins og er lýst í umsókn dagsett 15/4 2013. Hreppsnefnd samþykkir veitingu framkvæmdaleyfisins þegar aðalskipulagsbreytingin hefur öðlast gildi. Samþykkt Samhljóða.

3. 1303066 - Beiðni um afskriftir á opinberum gjöldum

Afgreiðsla færð í trúnaðarmálabók.

4. 1303067 - Hækkun á yfirdráttarláni sveitarfélagsins

Sveitarstjórn samþykkir að veita Indriða Indriðasyni, kt. 180465-4489, sveitarstjóra, heimild til að sækja um hækkun á yfirdráttaláni Tálknafjarðarhrepps um 10 milljónir króna.

Samþykkt Samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .
